

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir hitaveitur, nr. 743/2008.

Samkvæmt lögum nr. 40/2001 um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og orkulögum nr. 58/1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða ohf., fyrir hitaveitur, er taki gildi 1. janúar 2020.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða ohf., fyrir hitaveitur, nr. 743/2008, með síðari breytingum, breytist þannig:

#### H90 og H99. Hitun íbúðarhúsnæðis.

Minnst 74°C hiti frá kyndistöð		Án vsk	Orkuskattur	M. 11% vsk
Orkugjald	kr./kWst.	8,66	0,17	9,80
Fastagjald	kr./ári	30.765	615	34.832
Rúmmetragjald	kr./m <sup>3</sup>	38,92	0,78	44,07

#### H94 og H95. Hitun íbúðarhúsnæðis.

Minnst 70°C hiti frá kyndistöð				
Orkugjald	kr./kWst.	8,66	0,17	9,80
Fastagjald	kr./ári	30.765	615	34.832
Rúmmetragjald	kr./m <sup>3</sup>	33,37	0,67	37,78

#### H98. Sala um varmaskipti.

Orkugjald	kr./kWst.	5,43	0,11	6,15
Fastagjald	kr./ári	307.665	6.153	348.338
Rúmmetragjald	kr./m <sup>3</sup>	23,39	0,47	26,48

#### I90, I91 og H70. Reykhólar.

Fastagjald	kr./ári	30.765	615	34.832
Rúmmetragjald	kr./m <sup>3</sup>	218,81	4,38	247,74

#### I98 og H78. Vatnsmagn.

Sundlaugar og gróðurhús				
Fastagjald	kr./ári	30.765	615	34.832
Rúmmetragjald	kr./m <sup>3</sup>	72,86	1,46	82,49

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni. Heimilt er að miða innheimtu skatts af heitu vatni við áætlaða sölu. Fjárhæð skatts af heitu vatni skal vera 2,0% af smásöluverði.

#### Tengigjöld hitaveitu.

		Án vsk	M. 11% vsk
20 mm stál og 25 mm Pex	kr.	237.735	263.886
25 mm stál og 32 mm Pex	kr.	309.056	343.052
32 mm stál og 40 mm Pex	kr.	475.472	527.774
50 mm stál	kr.	713.209	791.662
80 mm stál	kr.	2.852.841	3.166.654
Aukamæligrind hitaveitu	kr.	74.716	82.935
Uppsetning orkumælis	kr.	41.261	45.800

Orkubúinu er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimæðar verði meira en 50% hærrí en gildandi gjaldskrá, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

Sé ný heimæð ekki tekin í notkun eða veitu lokað, í 6 mánuði eða lengur má búast við aftengingu heimæðar. Hafi notkun aldrei hafist á nýrri heimæð eða fallið niður í veitum sem hafa verið í notkun,

Nr. 1173

10. desember 2019

í að minnsta kosti 5 ár, telst heimæð aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald til að notkun geti hafist. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu auk endurtengingar-  
gjalds (uppsetning orkumælis).

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. desember 2019.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

---

*Hreinn Hrafnkelsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2019